



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-007U005**


Dagsetning: **17. febrúar 2016**

Staðsetning: **Ólafsvíkurhöfn**

Atvik: **Ekið fram af hafnarbakka**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning

**Látin(n):**

88 ára gamall karlmaður

Veður og birta:

S 5 m/s, 1°C og bjart

Slysavettvangur:

Bílastæði á hafnarbakka

Tími sólarhrings:

16:40

Ökutæki:


Subaru Forester árgerð 2005

Samantekt

Síðdegis 17. febrúar 2016 var bifreið ekið fram af hafnarbakkannum í Ólafsvík. Ökumaðurinn hafði ætlað að leggja bifreið sinni upp við hafnarkantinn, en steig líklega á inngjöf eða gaf harkalegar inn en hann ætlaði sér. Upp við hafnarkantinn hafði snjór þjappast saman og myndað nokkurs konar ramp upp á kantinn. Bifreiðin fór fram af bryggjunni og hafnaði í sjónum með þeim afleiðingum að ökumaðurinn drukknaði.

Lýsing á slysi

Síðdegis 17. febrúar 2016 var Subaru bifreið ekið að hafnarkanti Ólafsvíkurhafnar og ætlaði ökumaður að leggja þar við hlið bifreiðar féлага síns. Ökumaðurinn stöðvaði bifreiðina um það bil eina bíllengd frá kantinum, en virðist hafa stigið skyndilega á bensínjöfina og ekið yfir bryggjukantinn. Hafnaði bifreiðin í sjónum.



Mynd 1: Loftmynd af hafnarbakkanum.

Snjór hafði þjappast saman við 22 cm háan kantinn og dregið úr varnargildi hans. Snjórinn var harður og gaf ekki eftir þegar bifreiðinni var ekið yfir hann. Því hafnaði hún í sjónum. Bifreiðin fór öll á kaf svo rétt mátti greina hana ofan af hafnarbakkanum. Slysið var tilkynnt klukkan 16:40 og 18 mínútum síðar var búið að ná ökumanninum í land og endurlífgun hafin. Endurlífgun bar ekki árangur. Dánarorsök var drukknun. Var ökumaðurinn sennilega spenntur í öryggisbelti.



Mynd 2: Mynd af bryggjukantinum. Sjá má snjóruðning sem myndar leið upp á kantinn.

Að sögn vitnis hafði ökumaðurinn stöðvað bifreiðina rúmlega bíllengd frá bryggjukantinum. Hann hafi gefið bifreiðinni skyndilega inn og fór hún upp á bryggjukantinn, vó salt á honum og steypist í sjóinn. Vitni sagði einnig frá því að sami ökumaður hafi nokkrum dögum fyrir slysið stigið óvart á inngjöf í stað hemla við sömu aðstæður. Í það skiptið hafi bifreiðin stöðvast við bryggjukantinn.

Ökutækið

Bifreiðin var sjálfskipt fjórhjóladrifin Subaru Forester árgerð 2005. Við skoðun á bifreiðinni eftir slysið fannst engin bilun sem skýrt getur orsök slyssins. Bifreiðin var útbúin lítið slitnum ónegldum vetrarhjólborðum. Engin bilun fannst í hemlabúnaði eða stýrisbúnaði. Eldsneytisinnngjöf var liðug og virkaði eðlilega. Gírstöngin var stillt á D. Gluggi ökumannsmegin var brotinn en gluggasleðinn var í efstu stöðu.

Ökuhraði

Ökuhraðinn var lítill.

Vegur og umhverfi

Í 27. gr. reglugerðar um hafnarmál nr. 326/2004 með áorðnum breytingum er krafa um að bryggjukantar skulu gerðir að minnsta kosti 20 cm háir og svo öflugir að þeir láti ekki undan ákeyrslu. Slysstaðurinn er hafnarsvæði en upp við bryggjukantinn eru málaðar yfirborðsmerkingar fyrir bílastæði (sjá mynd 1). Bryggjukantur mældist um 22 cm há.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Ekki var gerð áfengis- og lyfjarannsókn á ökumanni bifreiðarinnar.

Orsakagreining

- Sennilegt er að ökumaðurinn hafi óvart stigið á inngjöf í stað hemla eða stigið fastar á inngjöf en hann ætlaði
- Hafnarkantur gegndi ekki hlutverki sínu, í að stöðva för bifreiðarinnar, vegna snjósöfnunar

Tillaga í öryggisátt

Hafnarkantur og bílastæði

Tilgangur hafnarkanta er að koma í veg fyrir að bifreiðar og önnur tæki geti auðveldlega farið fram af og ofan í sjó. Þeir eiga að þola ákeyrslu og vera málaðir ljósgulum lit til að vara fólk við. Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Ólafsvíkurhafnar að varna því að snjór safnist við hafnarkantinn með framangreindum afleiðingum. Beinir nefndin því einnig til Vegagerðarinnar að senda þessa tillögu í öryggisátt til annarra hafna.

Þar sem bílastæði eru skipulögð upp við bryggjukanta eins og gert er á slysstað ætti að mati RNSA að gera ríkari kröfur um varnargildi hafnarkanta. Nefndin beinir því til Vegagerðarinnar að taka þetta atriði til skoðunar.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 15. júní 2017

Rannsóknarnefnd samgönguslysa